

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 183/2016

2018/EES/19/20

frá 23. september 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/636 frá 22. apríl 2016 um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu Z,Z,Z,Z-7,13,16,19-dókósatetren-1-ýlísóbútýrati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/638 frá 22. apríl 2016 um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu Z-13-hexadeken-11-ýn-1-ýlasetati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 ⁽²⁾.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætast við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32016 R 0636:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/636 frá 22. apríl 2016 (Stjtið. ESB L 108, 23.4.2016, bls. 22),

– **32016 R 0638:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/638 frá 22. apríl 2016 (Stjtið. ESB L 108, 23.4.2016, bls. 28).“
2. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir lið 13zzzzzzb (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/389):

„13zzzzzzc. **32016 R 0636:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/636 frá 22. apríl 2016 um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu Z,Z,Z,Z-7,13,16,19-dókósatetren-1-ýlísóbútýrati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 108, 23.4.2016, bls. 22).

13zzzzzzd. **32016 R 0638:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/638 frá 22. apríl 2016 um að afturkalla samþykki fyrir virka efninu Z-13-hexadeken-11-ýn-1-ýlasetati, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009, og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 108, 23.4.2016, bls. 28).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 108, 23.4.2016, bls. 22.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 108, 23.4.2016, bls. 28.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) nr. 2016/636 og (ESB) nr. 2016/638, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Bergdís Ellertsdóttir

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.